

Stapahraun 11, fyrirspurn um stækkun, mál nr. 1504368

Skipulags- og byggingarráð samþykkti fyrirbyggjandi tillögu 3. 11. 2015 og veitti heimild um auglýsingu hennar í samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Eitt bréf með athugasemdum barst, dags. 05.02.2016, frá eiganda Mhl 02 á lóðinni Stapahraun 7-9.

Eftirfarandi eru helstu athugasemdir sem komu fram í bréfi þessu og svör við þeim:

Athugasemdir:

Fyrirkomulagi og byggingarmagni er andmælt, nýtingarhlutfall á nýrri lóð geri ráð fyrir $nh=0,75$, en gilt skipulag hverfisins geri ráð fyrir allt að $nh=0,6$.

Svar:

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir lóðirnar nr. 11 – 12 við Stapahraun. Umrædd tillaga að deiliskipulagi lóðanna, sem Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti til auglýsingar, samræmist núgildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 og stefnu bæjaryfirvalda um þéttingu og endurbyggingu atvinnusvæða.

Athugasemdir:

Lokun götuendans með byggingum er andmælt, þar með verði breyting á einu einkenni hverfisins, þ.e. opnun út í hraunið.

Svar:

Ekki liggur fyrir stefna af hálfu bæjaryfirvalda um að götuendum á þessu svæði verði haldið opnum.

Athugasemdir:

Breytingu á almennri umferð í enda götunnar, þ.m.t. tilfærslu á snúningssvæði bifreiða, er andmælt, lóðirnar 11 – 12 fái með þeirri breytingu hluta almennrar götu afhent til eigin nota.

Svar:

Almenn göturými verða eftir sem áður til almennra nota og eign bæjarins.

Athugasemdir:

Í andmælabréfi er vísað til deilna um skiptingu lóðar og fyrirkomulag bílastæða á lóðum 7 -9 við Stapahraun og bent á nauðsyn þess að greitt sé úr þeirri deilu áður en umrætt deiliskipulag verði samþykkt.

Svar:

Deilur um skiptingu lóðar og fyrirkomulag bílastæða á lóðum 7 -9 við Stapahraun annars vegar og samþykki deiliskipulags fyrir lóðirnar 11 – 12 við Stapahraun eru aðskilið mál og ber að líta á sem slík.